



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. september 2026


SFS26090009

MINNISBLAÐ

Staða ráðninga og biðlista í frístundaheimili borgarinnar 8. september 2026

Teknar eru tölur um stöðu mönnunar út frá upplýsingum úr Völu frístund um hvernig gengur að taka þau börn inn sem búið er að bjóða vistun í almenn frístundaheimili í borginni (þ.e. ekki frístundaheimili fyrir fötluð börn). Þann 8. september var búið að sækja um vistun fyrir 4.084 börn og 3.649 höfðu hafið vistun, þar af 355 börn í hlutavistun. Á biðlista eru 435 börn. Þetta er betri staða en 4. september fyrir ári þegar 1.117 barn var á biðlista og þann 17. september fyrir ári þegar 657 barn var á biðlista. Þess má þó geta að heildarfjöldi barnanna er þó ívið minni í ár en í fyrra þegar börnin voru um 4.130 sem sóttust eftir plássi á frístundaheimili.

Áætluð starfsmannapörf í almennu frístundaheimilunum, þegar ekki er tekið tillit til stuðningsparfa, eru 246 starfsmenn. Af þeim á eftir að ráða í stöður um 28 einstaklinga sem svara 14 stöðugildum. Þar sem þessar tölur eru afleiddar út frá fjölda barna sem hafa fengið boð um vistun og án umfram stöðugilda vegna stuðningsparfa er ekki hægt að bera þær beint saman við ráðningar undanfarin ár. Engu að síður er hægt að álykta sem svo að betur gangi að ráða í störf í frístundaheimilunum í ár en undanfarin ár vegna styttri biðlista barna.



Reykjavík



Rétt er að taka fram að samkvæmt reglum um innritun í frístundaheimili er gert ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir, til dæmis vegna faliðunar, er fyrst litið til forgangshópa, síðan umsókna í tímaröð og að lokum aldurs barna, þar sem yngri börn njóta forgangs. Ef ekki er unnt að bjóða öllum fulla vistun er leitast við að dreifa þjónustu þannig að sem flest börn fái hluta hennar.

Ráðningar eru í fullum gangi. Mikið af starfsfólki frístundaheimila eru námsfólk þar sem um hlutastörf er að ræða. Niðurstöðurnar eru nýttar af fagskrifstofu frístundamála og mannauðskrifstofu til að aðstoða þau frístundaheimili sem ekki eru fullmönnuð og til að beina auglýsingum til réttra markhópa.

